

Ed.

32. Frumvarp til laga

[32. mál]

um breyting á lögum nr. 116 29. des. 1951, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Á eftir 31. tölul. (Ólafsfjarðarvegur) í staflið C í 1. gr. laganna komi nýr liður: *Múlavegur frá Ólafsfjarðarkaupstað um Ólafsfjarðarmúla til Dalvíkur.*

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnugt af fréttum í blöðum og útvarpi, að fyrir framtak einstakra manna í Ólafsfjarðarkaupstað er þegar hafizt handa um að leggja veg fyrir Ólafsfjarðarmúla. Er sú vegalagning mikið áhugamál, ekki einasta bæjarbúa í Ólafsfirði, heldur og nærliggjandi sveita og kaupstaða. Hafa og ýmsir þeir aðilar heitið fjárstuðningi til verksins, þar á meðal hefur ríkissjóður lagt fram nokkurt fé (af viðhaldsfé?). Vegarstæðið hefur verið athugað af verkfræðingi, og eru ekki talin nein sérstök vandkvæði á því að leggja þarna veg, enda hafa ýmsir vegir verið lagðir hér á landi, sem meiri vandkvæðum hefur verið bundið. Þessi vegur mundi tengja Ólafsfjörð við veginn til Akureyrar og auk þess vera snjólaus eða snjólítill allt árið, í stað þess að Lágheiðarvegur, sem er eini vegurinn, er tengir Ólafsfjörð við vegakerfi landsins, er mjög oft ófær að vetrinum vegna snjóá, enda er sú leið til Akureyrar mjög miklu lengri.

Ólafsfirðingar hafa frá öndverðu haft mikil viðskipti við Akureyri og Eyjafjarðarsýslu. Má því öllum ljóst vera, þvílíkt hagræði það væri að fá þann veg, sem hér er lagt til að taka í þjóðvegatölu, enda er það ekki einasta mikið áhugamál Ólafsfirðinga, heldur og einnig nærliggjandi sveita og kaupstaða, svo sem Siglu-
fjarðar, Dalvíkur og Akureyrar, svo sem sést á undirtektum þeim, sem þetta mál hefur fengið.